

## Ferðapjónusta fatlaðra

### 1.gr.

#### Markmið ferðapjónustu

Markmið ferðapjónustu fatlaðra er að gera þeim sem eru andlega eða líkamlega fatlaðir og ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar sinnar, kleift að stunda atvinnu, grunnskólanám og njóta tómsunda. Einnig er henni ætlað að sjá fötluðum fyrir akstri á sérhæfðar þjónustustofnanir skv. 35. gr. laga 56/1992 sem eru Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, dagvistarstofnanir fatlaðra, verndaðir vinnustaðir innan sveitarfélagsins.

### 2.gr.

#### Notendur þjónustunnar

Ferðapjónusta er ætluð til afnota fyrir þá einstaklinga sem eiga lögheimili í Dalvíkurbyggð, og geta ekki vegna langvarandi skerðingar á færni notað almenningsgöngur og hafa ekki aðgang að eigin farartæki eða geta vegna aðstæðna sinna, ekki nýtt sér það.

Notendur sem eiga rétt á ferðapjónusta fatlaðra hjá sveitarfélaginu eru þeir sem :

- A. geti ekki nýtt sé almenningsfaratæki vegna fötlunar.
- B. Að notandi eigi ekki bifreið sem keypt er með styrkjum frá Tryggingastofnun ríkisins

### 3.gr.

#### Fyrirkomulag

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur á milli tveggja staða, **ekki** akstur fram og til baka. Notendur eiga rétt á ferðapjónustu vegna ferða til og frá vinnu, grunnskóla, lækninga, hæfingar- og endurhæfingarstöðvum, dagvistarstofnun fatlaðra og vernduðum vinnustöðum. Fjöldi ferða til annarra einkaerinda er háður takmörkunum. En við það skal miða að þær verði ekki fleiri en 12 á mánuði og heildarfjöldi ferða eigi meiri en 60 á mánuði í heildina.

Þjónustutími er sem hér segir:

Virka daga frá kl. 8:00 til kl. 17:00

### 4.gr.

#### Umsóknir og afgreiðsla beiðna um ferðapjónustu

Þjónustuhópur í málefnum fatlaðra sér um faglegt mat á þörf fyrir þjónustu og ber ábyrð á afgreiðslu umsókna.

Sækja þarf um ferðapjónustu á sérstökum umsóknareyðublöðum inná MínDalvíkurbyggð á vef sveitarfélagsins [www.dalvikurbyggd.is](http://www.dalvikurbyggd.is). Mat umsóknar skal vera í höndum Þjónustuhóps í málefnum fatlaðra hjá Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð sem mun fara yfir umsóknir eins fljótt og auðið er. Þjónustuhópur mun afgreiða umsóknir skv. þessum reglum innan fjögurra vikna frá því að hún var lögð fram. Skal umsókn metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna og eða aðra ferðamöguleika. Meta skal aðstæður hverju sinni og er heimilt að óska viðeigandi vottorða og upplýsinga er veitt geta upplýsingar um ástand og þörf hins fatlaða fyrir þjónustu. Mat umsókna gildir í hálf t. ári í senn.

Heimilt er að skjóta úrskurði þjónustuhóps til umfjöllunar í félagsmálaráð.

**5.gr.**

**Samningur um þjónustu**

Gera skal sérstakt samkomulag um akstur hvers umsækjenda og sérstaklega fastar ferðir vegna atvinnu og grunnskólanáms. Þanta þarf með dags fyrirvara ef breytinga er óskað á áður gerðu samkomulagi eða ef um óreglulegar ferðir er að ræða. Afpöntun skal gera með minnst 3 klst. fyrirvara, annars telst ferðin með í uppgjöri við notanda.

Heimilt er að gera samning við forráðamenn eða aðstandendur um fastar greiðslur vegna ferðaþjónustu einstaklings, þyki slíkt hentugt hverju sinni. Taxtinn við slíka samninga má sjá í gjaldskrá hverju sinni.

**6. gr.**

**Gjaldskrá**

Gjald fyrir hverja ferð innanbærjar skal vera kr 200,-. Heimilt er að innheimta hærra gjald ef ekið er út fyrir sveitarfélagið. Gjaldskrárbreytingar eru samkvæmt breytingu á vísitölu neysluerð 1. janúar ár hvert. Sjá gjaldskrá inná [www.dalvikurbyggd.is](http://www.dalvikurbyggd.is)

**7. gr.**

**Þjónustusvæði og ferðir út fyrir mörk sveitarfélagsins**

Þjónustusvæðið miðast við mörk sveitarfélagsins. Aksturinn miðast við; að og frá anddyri. Sé þjónustustofnun eða önnur nauðsynleg þjónusta fyrir fatlað fólk, sbr.1.gr., staðsett í öðru sveitarfélagi getur lögheimilissveitarfélag kannað hvort grundvöllur sé fyrir samkoulagi milli sveitarfélaganna sem tryggi aðgang að þeirri þjónustu. Sama gildir ef notandi dvelst tímabundið í öðru sveitarfélagi. Frumskylda skv. 35.gr. laga um málefni fatlaðs fólks hvílir þó ávallt á lögheimilissveitarfélagi notanda.

**8.gr.**

**Tilhögun ferða**

Farþegar skulu tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Ekki er tryggt að bíll bíði sé farþegi ekki tilbúinn. Ekki er beðið á meðan farþegi sinnir erindi sínu. Bílstjórar sinna ekki sendiferðum fyrir farþega. Farþega sem ekið er til læknis er heimilt að hringja eftir akstri til baka að viðtali loknu, enda var það ekki vitað fyrirfram hve viðtalið tæki langan tíma.

Ferðaþjónusta fatlaðra er sérhæfð þjónusta og þurfa farþegar því að vera viðbúnir töfum eða breytingum á áætlun.

Ferðaþjónustan skal við framkvæmd þjónustunnar taka mið af því að farþegum sé sýnd tilhlýðileg virðing og sveigjanleiki. Bifreiðastjórum sem annast aksturþjónustu er heimilt að synja akstri í einstöku tilvikum séu til þess ríkar ástæður vegna ástands farþega. Þeir starfsmenn sem sinna aksturþjónustu er skylt að gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

**9.gr.**

**Fylgdarmenn**

Farþegum er heimilt að hafa með sér starfsmann/liðveitanda, sem fer með án endurgjalds, enda greiði hinn fatlaði fullt gjald skv. gjaldskrá.  
Geti farþegi ekki ferðast einsamall án þess að valda öikumanni eða öðrum farþegum óþægindum, getur ferðapjónustan krafist fylgdarmanns með honum.

**10.gr.**  
**Endurupptaka**

Umsækjandi getur óskað þess að umsókn sé tekin til meðferðar á ný ef afgreiðsla meðferðateymis á umsóknin hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til félagsmálaráðs innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar.

**11.gr**  
**Gildistaka**

Reglur þessar eru settar skv. 35. gr. og 9. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992

*Samþykkt í félagsmálaráði 9.janúar 2018*  
*Samþykkt í Sveitarstjórn 17.janúar 2018*

**Gjaldskrá fyrir ferðapjónustu Dalvíkurbyggðar sem veitt er skv.**  
**35.gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari**  
**breytingum.**  
**Gildir frá 1.nóvember 2017**

**Greiðsla**

Gjald vegna ferða með ferðapjónustu fatlaðs fólks er alls 200,- kr fyrir hverja ferð. Ein ferð miðast við frá einu stað til annars en **ekki** fram og til baka.

**Þjónustusvæði**

Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð mynda sameiginlegt þjónustusvæði í málefnum fatlaðs fólks. Þurfi einstaklingur að sækja þjónustu innan þess svæðis gildir sama gjaldskrá og inna félagsþjónustusvæðis Dalvíkurbyggðar.

Akstur utan þjónustusvæðis er háður samþykki þjónustuhóps.

**Samningur um ferðapjónustu**

Varðandi sérstaka samninga sem félagsþjónustan gerir vegna ferðaþjónustu við einstaklinga er tekið mið af útreikningum FÍB, samkvæmt þeirra viðmiðunum er nú greiddar 69,- kr á hvern ekinn km (flokk A,B,D 1 lið).

### **Innheimta**

Greiðsluseðlar fyrir ofangreinda þjónustu eru sendir þjónustuþegum mánaðarlega.

### **Málskot**

Heimil er að skjóta ákvörðun um synjun á ferðaþjónustu sem og niðurfellingu gjalds fyrir ferðaþjónustu til félagsmálaráðs Dalvíkurbyggðar. Skal það gert skriflega innan fjögurra vikna frá því notanda var kunnung um ákvörðun þjónustuhóps í málefnum fatlaðra.

Dalvíkurbyggð 9.janúar 2018